



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

## STARFSLEYFI

fyrir fangagæslu að Vínlandsleið 2-4, F2259566, rými 01 0201.

Nafn leyfishafa: Lögreglustjórinn á höfuðborgars

Heimilisfang: Hverfisgata 115, 105 Reykjavíkurborg

Kennitala: 531006-2320

**Gildir frá: 18. júní 2026**

**Gildir til: 18. júní 2038**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Starfsleyfisskilyrðum fyrir fangelsi.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sækir um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 18. júní 2026





## Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

kt. 531006-2320

Hverfisgata 113-115

vegna fangagæslu í starfstöð fyrirtækisins að Vínlandsleið 2-4.

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði í 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti.

|                                                                                                                                          |                                                                                                                                                        |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Dags. umsóknar.<br>Sjá kafla 1. hér að neðan.                                                                                            | 20. apríl 2026                                                                                                                                         |
| Rekstraraðili, kt.                                                                                                                       | Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu                                                                                                                  |
| Heiti fyrirtækis                                                                                                                         | Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu –<br>Fangagæsla – Vínlandsleið 2                                                                                 |
| Staðsetning starfsstöðvar,<br>fasteigna- og rýmisnúmer.                                                                                  | Vínlandsleið 2 F2259566, 01-0201                                                                                                                       |
| Tegund starfsemi                                                                                                                         | Fangelsi og fangagæsla, vísað í 11. tölulið í viðauka<br>við reglugerð nr. 903/2024.                                                                   |
| Tilefni umsóknar                                                                                                                         | Ný starfsemi                                                                                                                                           |
| Staðfesting á samþykki<br>byggingarfulltrúa og<br>samræmi við skipulag. Sjá<br>kafla 2. að neðan.                                        | Staðfesting barst með umsókn.                                                                                                                          |
| Dags. birtingar auglýsingar,<br>efni tillögunnar, hvar hún<br>var birt og frestur til<br>athugasemda.<br>Sjá kafla 4. hér að neðan.      | 12.05.2026. Í tillögunni er lagt til að um starfsemina<br>gildi starfsleyfisskilyrði fyrir fangelsi og fangagæslu.<br>Auglýsing var birt á vefsíðu HER |
| Athugasemdir sem bárust.<br>Hafi athugasemdir borist er<br>gerð grein fyrir þeim í kafla<br>5. hér að neðan.                             | Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.                                                                                                            |
| Hafi verið gerðar<br>breytingar á tillögu að<br>starfsleyfi frá auglýstri<br>tillögu er gerð grein fyrir<br>því í kafla 6. hér að neðan. | Engar breytingar voru gerðar á auglýstri tillögu að<br>starfsleyfi.                                                                                    |
| Afgreiðslufundur nr., dags.<br>og afgreiðsla. Sjá kafla 7.<br>hér að neðan.                                                              | Umsóknin var lögð fyrir 1914. afgreiðslufund HER<br>þann 18.06.2026. Samþykkt að veita starfsleyfi til 12<br>ára/dags. fyrir tímabundin.               |



## 1. Móttaka á umsókn

Umsókn rekstraraðila um starfsleyfi barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur þann 20. apríl 2026. Umsókn var metin fullnægjandi þegar staðfesting um notkun húsnæðis barst frá byggingarfulltrúa sama dag.

## 2. Samræmi við skipulag og heimila notkun húsnæðis

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal rekstraraðili sýna fram á að samþykki byggingarfulltrúa liggi fyrir og starfsemin standist skipulag.

Með umsókninni barst staðfesting byggingarfulltrúa á ofangreindu.

## 3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögu að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis hún er og hvar megi nálgast tillöguna. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögu útgefanda að starfsleyfi innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Tillaga að starfsleyfi er auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/starfsleyfi-i-auglysingu-samkvaemt-reglugerd-nr-9032024>.

## 4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

## 5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

## 6. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis (ákvörðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur ef lagt fyrir nefndina).

Í samræmi við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, nánar tiltekið viðauka 2.2 sem fjallar um embættisfærslur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, var ofangreind starfsleyfisumsókn lögð fyrir afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.



## 7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

4. september 2026, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Ástrún Eva Sívertsen